

Umhverfis- og loftslagsstefna Norðurljósinga 2024-2034

7. janúar 2025



NORÐURLJÓSI

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	2
1.1	Um umhverfis- og loftslagsstefnu.....	2
1.2	Vinna við mótun stefnunnar.....	2
1.3	Áherslur og innihald.....	2
1.4	Framfylgd stefnu.....	3
2	LEIÐARLJÓŠ.....	3
3	SAMFÉLAG.....	4
3.1	Fræðsla og miðlun upplýsinga um umhverfi og sjálfbærni.....	4
3.2	Stjórnsýsla og rekstur sveitarfélagsins.....	4
3.3	Lýðheilsa.....	4
3.4	Hljóðvist, ljósvist og loftgæði.....	5
4	NÁTTÚRA OG AUÐLINDIR.....	5
4.1	Lífríki og landslag.....	5
4.2	Auðlindir og orka.....	5
4.3	Landnýting.....	6
5	INNVIÐIR.....	6
5.1	Samgöngur, veitur og önnur mannvirki.....	6
5.2	Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun.....	7
6	LOFTSLAG.....	7
6.1	Viðbrögð og aðlögun.....	7

1 INNGANGUR

1.1 Um umhverfis- og loftslagsstefnu

Loftslagsstefna Norðurlands byggir á lögum um loftlagsmál nr. 70/2012 en samkvæmt þeim skulu sveitarfélög marka sér loftslagsstefnu. Samkvæmt lögnum skal stefnan innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Sameiginlegur slagkraftur þeirra skiptir sköpum til að greiða fyrir þeim umskiptum sem þurfa að eiga sér stað til að markmiðum Parísarsamningsins verði náð og að Ísland nái að standa við loforð sitt um kolefnishlutleysi árið 2040. Jafnframt mun sú aðlögun íslensks samfélags að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga ekki eiga sér stað án aðkomu sveitarfélaganna. (loftslagsstefna.is)

1.2 Vinna við mótun stefnunnar

Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurlands hóf undirbúning að gerð umhverfis- og loftslagsstefnu á fyrri hluta árs 2023. Skipulags- og framkvæmdaráð skipaði þann 5. desember 2023 þriggja manna starfshóp vegna verkefnisins. Starfshópurinn ásamt sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs og ráðgjafa mynduðu verkefnishóp sem vann að mótun stefnunnar. Sveitarfélagið réð verkfræðistofuna Verkís sem ráðgjafa í verkefninu. Mesti hluti vinnunnar fór fram á tímabilinu nóvember 2023 til september 2024. Helstu áfangar verkefnisins eru eftirfarandi:

- Gagnaöflun og undirbúningur í nóvember og desember 2023.
- Vinnufundur starfshóps 10. janúar 2024.
- Vinnufundur starfshóps 21. mars 2024.
- Vinnufundur starfshóps 22. apríl 2024.
- Vinnufundur starfshóps 6. maí 2024.
- Vinnufundur starfshóps 5. júlí 2024.
- Skipulags- og framkvæmdaráð samþykkir 24. september 2024 að kynna drög að stefnunni.
- Drög að stefnunni send öðrum ráðum í Norðurlandi til umsagnar í október 2024 og umsagnir kynntar fyrir skipulags- og framkvæmdaráði 12. nóvember 2024.
- Skipulags og framkvæmdaráð ákveður 27. nóvember 2025 að kynna stefnuna almenningi á heimasíðu Norðurlands 27. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 12. desember. Ein athugasemd barst.
- Skipulags- og framkvæmdaráð leggur til 14. janúar 2025 að bæjarstjórn samþykki umhverfis- og loftslagsstefnu Norðurlands.
- Bæjarstjórn samþykkir umhverfis- og loftslagsstefnu, **ólokið**.

1.3 Áherslur og innihald

Norðurland hefur mikil áhrif á það hvernig gengið er um náttúru og auðlindir í sveitarfélaginu. Auk umhverfis- og loftslagsstefnu er skipulag eitt helsta stjórnátæki sveitarfélaga í þessu samhengi. Daglegur rekstur sveitarfélagsins og framkvæmdir á vegum þess hafa áhrif á umhverfið sem og ýmis lögboðin verkefni, t.d. förgun úrgangs og fráveita. Sveitarfélagið getur einnig haft margvísleg óbein áhrif á nærsamfélagið, t.d. með fræðslu og hvatningu, ásamt því að sýna gott fordæmi í daglegum rekstri.

Umhverfis- og loftslagsstefna tekur til alls sveitarfélagsins og takmarkast ekki við rekstur þess. Stefnunni er ætlað að hafa áhrif á allar ákvarðanir sveitarfélagsins sem varða umhverfi og loftslag, bæði í rekstri og stefnumótun. Horft var til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með sérstaka

áherslu á vistvænar samgöngur, loftgæði og úrgang¹, vistvæn innkaup² og stefnumótun í loftslagsmálum³.

Um er að ræða fyrstu umhverfis- og loftslagsstefnu Norðurlands norðurlands á líftíma stefnunnar og hún takmarkast af þeim gögnum sem fyrir liggja. Það er viðfangsefni Norðurlands á líftíma stefnunnar að safna frekari gögnum með innleiðingu Grænna skrefa og Græns bókhalds⁴ þannig að hægt verði að setja fleiri mælanleg markmið við uppfærslu og endurskoðun stefnunnar. Árið 2025 verður fyrsta viðmiðunarár stefnunnar.

Áhersla er lögð á einfalda framsetningu stefnunnar og tengingu við aðrar stefnur og verkefni sem Norðurland vinnur eftir eða hefur hrint í framkvæmd. Mörkuð er stefna í eftirfarandi málaflokkum:

SAMFÉLAG

- Fræðsla og miðlun upplýsinga um umhverfi og sjálfbærni
- Stjórnsýsla og rekstur sveitarfélagsins
- Lýðheilsa
- Mengun, hljóðvist, ljósvist og loftgæði

NÁTTÚRA OG AUÐLINDIR

- Lífríki og landslag
- Auðlindir og orka
- Landnýting

INNVIÐIR

- Samgöngur, veitur og önnur mannvirki
- Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun

LOFTSLAG

- Viðbrögð og aðlögun

Í umfjöllun um hvern málaflokk er stutt almenn umfjöllun ásamt markmiðum. Loftslagsbreytingar koma við sögu í öllum viðfangsefnum stefnunnar en í kafla 6 er sérstök umfjöllun um viðbrögð og aðlögun vegna loftslagsbreytinga. Sett er fram sérstök *aðgerðaráætlun* með leiðum að markmiðum og aðgerðum, ásamt tengslum við aðrar áætlanir, tímasetningu aðgerða og ábyrgðaraðila þeirra.

1.4 Framfylgd stefnu

Sveitarstjórn Norðurlands norðurlands ber ábyrgð á framfylgd stefnunnar. Stefnan gildir til ársins 2034 en hún verður yfirfarin árlega og jafnframt metið hvernig gengið hefur að framfylgja henni. Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal taka ákvörðun um hvort þörf sé á frekari endurskoðun stefnunnar.

2 LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Norðurlands norðurlands í umhverfis- og loftslagsmálum er að vinna markvisst að aukinni sjálfbærni sveitarfélagsins. Gengið verði með ábyrgum hætti um auðlindir og umhverfi og sveitarfélagið leggi sitt af mörkum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga. Allar ákvarðanir, smáar sem stórar, skulu teknar með tillit til umhverfis og loftslags. Þannig verði Norðurland aðlaðandi búsetukostur og áfangastaður með heilbrigðu atvinnulífi.

¹ Heimsmarkmið 11: Sjálfbærar borgir og samfélög

² Heimsmarkmið 12: Ábyrg neysla og framleiðsla

³ Heimsmarkmið 13: Aðgerðir í loftslagsmálum

⁴ Verkefnið Græn skref: <https://graenskref.is/graen-skref/>

3 SAMFÉLAG

3.1 Fræðsla og miðlun upplýsinga um umhverfi og sjálfbærni

Norðurþing hefur ýmis konar áhrif á umhverfi, auðlindir og loftslag en aðrir aðilar koma þar einnig við sögu. Mikilvægt er að starfsmenn sveitarfélagsins séu vel upplýstir um stefnu þess og vinni eftir henni. Sveitarfélagið er þátttakandi í LOFTUM, verkefni Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra. Markmið þess er að efla þekkingu á umhverfis- og loftslagsmálum meðal starfsfólks sveitarfélaga og kjörinna fulltrúa á starfsvæði samtakanna. Fræðsla og hvatning til annarra aðila, þ.e. íbúa, fyrirtækja og félagasamtaka, er einnig líkleg til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og loftslag. Þannig má bæta umgengni og þekkingu á náttúrunni og auka virðingu fyrir henni.

Markmið

- ✓ Umhverfisvitund og miðlun upplýsinga um umhverfis- og loftslagsmál á meðal íbúa og starfsfólks Norðurþings verði aukin.

3.2 Stjórnsýsla og rekstur sveitarfélagsins

Stjórnsýsluákvæðanir Norðurþings og rekstur sveitarfélagsins hafa margvísleg áhrif á umhverfi, auðlindir og loftslag. Dæmi um það eru innkaup á vöru og þjónustu en einnig hafa stefnumótandi ákvæðanir og framkvæmdir áhrif á fyrrnefnda þætti. Þekking starfsmanna sveitarfélagsins og kjörinna fulltrúa skiptir máli í þessu samhengi og því er fræðsla mikilvæg sbr. fyrri umfjöllun hér að framan. Árangur og áherslur Norðurþings geta smitast til annarra aðila, m.a. út í atvinnulífið. Sveitarfélagið vinnur nú að innleiðingu Grænna skrefa fyrir Stjórnsýsluhús Norðurþings. Græn skref er kerfi fyrir opinbera aðila til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna.

Markmið

- ✓ Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar verði höfð að leiðarljósi í rekstri og við stefnumótandi ákvæðanir hjá sveitarfélaginu.
- ✓ Skrá upplýsingar þannig að hægt verði að áætla losun gróðurhúsalofttegunda á vegum Norðurþings.

3.3 Lýðheilsa

Áhugi á útivist hefur almennt aukist í Norðurþingi, líkt og annars staðar á landinu. Áhuginn tengist m.a. breyttum viðhorfum og lífsgildum fólks þar sem aukin áhersla er lögð á heilsu. Daglegt líf fólks einkennist af hraða og spennu með tilheyrandi álagi og streitu og bent hefur verið á að streitutengdir sjúkdómar verði umfangsmikið heilsuvandamál næstu áratugina. Rannsóknir sýna að regluleg hreyfing gegnir lykilhlutverki fyrir heilsu og vellíðan. Einnig hefur verið sýnt fram á að dvöl á grænum svæðum og í náttúrulegu umhverfi minnkar streitu og hefur jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks.⁵ Norðurþing er meðvitað um þetta og er aðili að verkefninu Heilsueflandi samfélag.

Markmið

- ✓ Stuðlað verði að heilsueflingu og bættu aðgengi að útivistarsvæðum og íþróttaaðstöðu.
- ✓ Áhersla verði lögð á að varðveita náttúruna sem útivistarsvæði, þar sem það á við, og viðhalda hreinu umhverfi.
- ✓ Efling göngu-, hjóla- og reiðstíga.

⁵ Stigsdóttir, Ulrika & Grahn, Patrik, 2002. What Makes a Garden a Healing Garden? Journal of Therapeutic Horticulture. 13, 60-69.

3.4 Hljóðvist, ljósvist og loftgæði

Lífverur og vistkerfi, þ.m.t. heilsa og vellíðan fólks, eru háð vatns- og loftgæðum. Víða í heiminum er mengun eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamálið og ein mesta ógn við lífríki og vistkerfi jarðar. Það er réttur allra íbúa að eiga kost á því að búa við heilnæmt umhverfi. Í því felst m.a. að geta andað að sér hreinu lofti og hafa aðgengi að hreinu vatni. Einnig er mikilvægt að tekið sé tillit til hljóðvistar og ljósvistar við skipulag og framkvæmdir. Norðurþingi ber að framfylgja löggjöf um mengun og umhverfisgæði og fjalla um þau eftir því sem við á við skipulagsgerð og aðrar ákvarðanir.

Markmið

- ✓ Stuðla að heilnæmu umhverfi og auknum gæðum byggðar með því að taka tillit til hljóðvistar, lýsingar og myrkurgæða við deiliskipulagsgerð og framkvæmdir.

4 NÁTTÚRA OG AUÐLINDIR

4.1 Lífríki og landslag

Íslensk náttúra er verðmæt og á margan hátt sérstök í alþjóðlegu samhengi. Náttúra og landslag í Norðurþingi er fjölbreytt og gerir svæðið áhugavert til búsetu og fyrir ferðamenn. Þar er hægt upplifa víðáttu með miklu útsýni, skjólgóð skógarrjóður inn á milli ása og hrikaleg gljúfur með margs konar ásýnd. Gróðurfarslega spannar sveitafélagið allt frá sandblásnum auðnum til gróskulegra birkiskóga, en einnig má þar finna stór samfelld mólendi og votlendissvæði.

Uppbygging innviða og aðrar framkvæmdir geta haft neikvæð áhrif á náttúruna. Samfara fjölbreyttari nýtingu náttúruauðlinda og aukinni samkeppni um land eykst álag á náttúruna og hagsmunaárekstrum fjölgar. Náttúruvernd á svæðinu á sér langa sögu. Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum var stofnaður 1973 og varð síðan hluti af Vatnajökulsþjóðgarði árið 2008. Landgræðsla ríkisins hefur unnið að verkefnum í sveitarfélaginu allt frá árinu 1944. Norðurþingi ber að varðveita náttúruna og fjölbreytni hennar fyrir komandi kynslóðir, m.a. í gegnum skipulag og með aðgát við framkvæmdir. Mikilvægt er að vernda það sem er sérstætt en einnig að endurheimta röskuð vistkerfi og auka þol gegn umhverfisbreytingum, svo sem loftslagsbreytingum.

Markmið

- ✓ Verndun sérstæðra náttúruminja og annarra sérkenna, m.a. landslagsheilda og jarðmyndana sem og verndun líffræðilegrar fjölbreytni, tegunda og vistgerða í samræmi við vistkerfisnálgun, lög og alþjóðaskuldbindingar.
- ✓ Skipulag og ákvarðanir stuðli að sjálfbærri ferðaþjónustu, þ.e. ferðaþjónustu sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.

4.2 Auðlindir og orka

Sveitarfélagið Norðurþing er ríkt af auðlindum en þær eru undirstaða búsetu. Meðal auðlinda má nefna landslag og náttúruminjar, jarðefni, ræktarland, byggingarland, skóga, neysluvatn, auk orkulinda, þ.e. jarðvarma, vatnsafl og vindorku. Sumar auðlindir eru okkur lífsnauðsynlegar, eins og t.d. vatn, en aðrar eru nýttar til að byggja upp innviði til verðmætasköpunar eða upplifunar. Mikilvægt er að virðing sé borin fyrir náttúrunni og að nýting auðlinda sé í sem mestri sátt við umhverfið og hafi sem minnst óafturkræf

áhrif. Ofnýting eða óskynsamleg og ósjálfbær nýting mun ekki eingöngu hafa neikvæð áhrif á náttúru heldur einnig á atvinnulíf og gæði byggðar og þar með forsendur búsetu á svæðinu.

Frekari auðlindanýting, þar sem nýting fer nú þegar fram, og aukin vinnsla afurða, getur í sumum tilvikum aukið sjálfbærni. Norðurþing vinnur nú í samstarfi við Landsvirkjun að forathugun á uppbyggingu Græns iðngarðs á Bakka við Húsavík. Skoða á tækifæri til fullvinnslu og verðmætasköpunar en verkefninu er einnig ætlað að efla samkeppnishæfni Íslands á sviði vistvænna iðngarða.

Mikilvægt er að tekið sé tillit til komandi kynslóða, efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra þátta við ákvarðanatöku um nýtingu auðlinda.

Markmið

- ✓ Nýting auðlinda verði með sjálfbærum hætti. Í því felst að við framkvæmdir og ákvarðanatöku um auðlindanýtingu verði tekið tillit til:
 - Landslagsheilda, fjölbreytileika landslags, líffræðilegrar fjölbreytni og sérkenna náttúrunnar
 - Náttúruvár og loftslagsbreytinga
 - Félagslegra, menningarlegra og efnahagslegra þátta

4.3 Landnýting

Með landnýtingu er hér átt við skipulagsmál, skógrækt, landgræðslu og aðrar ákvarðanir um ráðstöfun lands í Norðurþingi. Þessir þættir hafa áhrif á almenn lífsgæði í Norðurþingi en tengjast einnig náttúru, loftslagi og atvinnulífi. Stefna um landnýtingu þarf að samrýmast öðrum þáttum umhverfis- og loftslagsstefnunnar en einnig er mikilvægt að hugað sé að áhrifum landnýtingar á mismunandi hópa og atvinnugreinar. Norðurþing hefur staðið að og stutt við verkefni sem snúa að landgæðum, svo sem landgræðslu og skógrækt. Mikilvægt er að viðhalda fjölbreyttri landnotkun og hafa í huga að ein landnotkun getur í sumum tilvikum útilokað eða haft neikvæð áhrif á aðra landnotkun. Sérstaklega þarf að huga að landbúnaði í þessu samhengi.

Markmið

- ✓ Stuðla að sjálfbærri landnýtingu í samræmi við þau markmið sem sett eru um lífríki, landslag, auðlindir og orku í þessari stefnu.
- ✓ Vandað verði til samráðs við almenning við skipulagsgerð og ákvarðanir um nýtingu lands.
- ✓ Taka loftslagsbreytingar til greina við alla skipulagsgerð og ákvarðanir um nýtingu lands.

5 INNVIÐIR

5.1 Samgöngur, veitur og önnur mannvirki

Öflugir innviðir í Norðurþingi eru forsenda þess að sveitarfélagið sé samkeppnishæft, bæði m.t.t. búsetu og atvinnustarfsemi. Tryggja þarf íbúum og atvinnulífi í sveitarfélaginu góðar og öruggar samgöngur, heitt og kalt vatn, næga og örugga orku, fjarskipti og öflugt fráveitukerfi. Uppbygging innviða getur hins vegar haft neikvæð áhrif á náttúruna og því er mikilvægt að hafa það í huga við skipulagsákvæðanir, leyfisveitingar og framkvæmdir. Innviðappbygging þarf að vera í takt við umhverfislegar og samfélagslegar breytingar, svo sem vegna orkuskipta og loftslagsbreytinga.

Markmið

- ✓ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða.
- ✓ Við uppbyggingu innviða og ákvarðanir þeim tengdum verði ávallt hugað að áhrifum á loftslag, aðlögun að loftslagsbreytingum og orkuskiptum í samgöngum.
- ✓ Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna.
- ✓ Stuðlað verði að auknu gönguhæfi byggðar og umferðaröryggi í þéttbýli.
- ✓ Við byggingu mannvirkja og framkvæmda á vegum sveitarfélagsins verði lögð áhersla á að lágmarka kolefnisfótspor og önnur umhverfisáhrif.

5.2 Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun

Norðurþing ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og ber jafnframt að sjá til þess að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang skv. lögum nr. 55/2003. Talsverðar breytingar hafa orðið í þessum málaflokki á landinu síðustu ár. Árið 2020 var lögunum breytt í samræmi við Evróputilskipanir með það að markmiði að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis. Nú er ríkari flokkunarskylda úrgangstegunda en áður og sveitarfélögum og fyrirtækjum sem safna flokkuðum úrgangi ber að koma honum til endurvinnslu. Fyrirhugað er útboð á sorphirðu á Húsavík og Reykjahverfi snemma á árinu 2025. Unnið er að endurskoðun á fyrirkomulagi móttökustöðva úrgangs á austursvæði Norðurþings. Í maí 2023 tók gildi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi.

Norðurþing vill vinna markvisst að því að draga úr myndun úrgangs og stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið í samræmi við stefnu stjórnvalda um hringrásarhagkerfi og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Þannig má bæta nýtingu auðlinda, auka sjálfbærni og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þátttaka íbúa í sorpflokkun í Norðurþingi hefur verið góð.

Markmið

- ✓ Draga úr myndun úrgangs og stuðla að endurvinnslu og endurnýtingu í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi.
- ✓ Stuðla að sem mestri úrvinnslu úrgangs í Norðurþingi og nágrennasveitarfélögum þess. Leita skal leiða til að úrgangur sem til fellur á Norðurlandi fari ekki til spillis, heldur sé nýttur til hagsbóta fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu.
- ✓ Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft. Tryggt verði eins og kostur er að spilliefni berist ekki út í umhverfið.
- ✓ Stuðla að uppbyggingu hátækniðnaðar, græns iðnaðar, nýsköpunar og starfsemi sem vinnur á forsendum hringrásarhagkerfisins.

6 LOFTSLAG

6.1 Viðbrögð og aðlögun

Í nýlegri skýrslu vísindanefndar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi kemur fram að loftslagsbreytingar valdi nú breytingum á náttúrufari og lífsskilyrðum fólks með vaxandi áskorunum fyrir efnahag, samfélag

og náttúru.⁶ Eigi að tryggja að þær áskoranir verði ekki meiri en við er ráðið þurfi umbyltingu í lífsháttum og umgengni við náttúruna.

Stór hluti daglegs lífs íbúa og ákvarðanir sem teknar eru hjá Norðurþingi tengjast með beinum eða óbeinum hætti loftslagsbreytingum. Draga þarf úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu þeirra. Einnig þarf að efla viðnámsþol gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga og grípa til aðgerða vegna óumflýjanlegra breytinga.

Loftslagsbreytingar koma við sögu í öllum viðfangsefnum þessarar stefnu. Hér eru sett fram helstu atriðin sem snúa að viðbrögðum og aðlögun Norðurþings vegna loftslagsbreytinga.

Markmið

- ✓ Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri sveitarfélagsins, við framkvæmdir og landnýtingu í samræmi við önnur markmið og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsstefnunni. Einnig að hvetja íbúa og atvinnulíf til að gera hið sama.
- ✓ Forðast röskun á landi sem bindur gróðurhúsalofttegundir.
- ✓ Auka bindingu gróðurhúsalofttegunda með landgræðslu og skógrækt.
- ✓ Efla viðnámsþótt sveitarfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga og grípa til aðgerða vegna óumflýjanlegra breytinga.
- ✓ Skrá upplýsingar þannig að hægt verði að áætla losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu á vegum Norðurþings. Viðmiðunarárið er 2025.

⁶ Veðurstofa Íslands, 2023. Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi: Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar.